

# FERÐIR

LAUGARDAGUR 4. JÚLÍ 2015



## 4. júlí á kalifornískri strönd

Hildigunnur Björgúlfsdóttir og vinkonur hennar fóru í fjögurra vikna bíltúr um Bandaríkin í fyrra og vorðu þjóðhátíðardeginum á ströndinni í Santa Monica í Kaliforníu. Þær óku stranda á milli og upplifðu alls konar ævintýri.

**H**ildigunnur Björgúlfsdóttir, vörustjóri hjá Actavis, fór í fyrrasumar með fjórum vinkonum sínum í fjögurra vikna bíltúr um Bandaríkin. Þær fóru frá austurströndinni til vesturstrandarinnar með krók niður í Suðurríkin, heimsóttu alls fjórtán fylki og eyddu þjóðhátíðardeginum 4. júlí á Santa Monica Beach í Kaliforníu. „Það fór ekki fram hjá neinum að þjóðhátíðardagurinn væri að renna upp. Það var skraut í fánalitunum bókstaflega út um allt. Bandaríkjamenn eru mjög ánægðir með fánann sinn og það hafði ekki farið fram hjá okkur í ferðinni en það var enn meira á 4. júlí. Flestir sem urðu á vegi okkar voru klæddir í rautt, hvítt og blátt eða skreyttir frá toppi til tár og það voru allir í góðu skapi.“ Hún segir þær vinkonurnar ekki hafa tekið mikinn þátt í hátíðahöldunum. „Við vorum nú ekki mjög þjóðernislegar, lágum á ströndinni meiripart dags og sötuðum bjór og nutum veðurbliðunnar. Um kvöldið röltum við aðeins um og horfðum á flugeldasýningar í fjarska af hinum ýmsu ströndum þar sem við vorum með gott útsýni af Santa Monica-bryggjunni.“

### Kúrekastígvél í Nashville

Hildigunnur á erfitt með að gera upp á milli staðanna sem þær heimsóttu í ferðinni. „Mér fannst þetta allt saman ótrúlega áhuga-verðir staðir sem við komum á. Að ferðast á milli fylkja var eins og að fara á milli landa. Sérstaklega var mikill munur á að keyra í gegnum Louisiana og Mississippi og koma yfir til Texas. Þar fórum við úr rosalega fátæku umhverfi yfir í lúxusríkið Texas þar sem allir eiga „ranch“ og nóg af byssum og kjöti.“ Þá var heimsókn til Nashville einnig í sérstöku uppáhaldi en þær vinkonurnar höfðu horft á Nashville-þættina í sjónvarpi. „Við keyptum okkur kúrekastígvél hið snarasta og fórum ótrúlega ánægðar í stígvélunum okkar í 30 stiga hita á The BlueBird Café sem er einmitt aðalstaðurinn í Nashville-þáttunum og spókuðum okkur.“

Þá heillaðist Hildigunnur eins og fleiri af New Orleans. „Það var svo gaman að labba um Frenchmen Street þar sem það var endalaust líf og djasstónlist og allir svo ánægðir. Byggingarnar þarna eru ekkert smá flottar og það var ákveðinn sjarmi yfir borginni þrátt fyrir að hún væri enn að stórum hluta í uppbyggingu eftir fellibylinn Katrínú.“

### Gestrisnin kom á óvart

Hún er mjög ánægð með gestrisni Bandaríkjamanna. „Það voru allir ótrúlega spenntir yfir því að við værum frá Íslandi og vildu allt



Vinkonurnar eyddu þjóðhátíðardeginum á ströndinni í Santa Monica.



Góðar í Grand Canyon. Vinkonurnar komu við í fjórtán fylkjum á fjórum vikum.

fyrir okkur gera og allir sem urðu á vegi okkar voru frábært fólk. Eins og maðurinn á Irondale Café í Alabama sem opnaði staðinn fyrir okkur til þess að gefa okkur steikta græna tómata.“ Hildigunnur hafði

komið til Bandaríkjanna áður en þessi ferð var ólík öllum fyrri ferðum. „Ég hafði komið til Boston, New York og Orlando sem er allt mjög ólíkt því sem við sáum í ferðinni. Ég held að það sem hafi komið

mér mest á óvart var að þessir týpísku staðir sem maður var ótrúlega spenntur fyrir að sjá, eins og Los Angeles og San Fransisco, voru í raun það sem var minnst spennandi. Ég var ótrúlega heilluð af



Kúrekastígvél eru staðalbúnaður, einkum þegar farið er á BlueBird Café sem gegnir stóru hlutverki í Nashville-sjónvarpsþáttunum. Á myndinni eru Halla Þórlaug Óskarsdóttir, Hildigunnur Björgúlfsdóttir, Ingunn Guðbrandsdóttir, Ingunn Sigríður Árnadóttir og Vaka Valsdóttir.

„Ég gæti alveg dólað mér þarna í suðrinu og skoðað mig um í lengri tíma.“

Suðurríkjunum og allri menningunni þar, gestrisninni og matnum. Ég gæti alveg dólað mér þarna í suðrinu og skoðað mig um í lengri tíma og hlakka til að fara aftur einhvernum daginn.“



# SKELLTU ÞÉR MEÐ!



AMSTERDAM flug frá  
**12.999 kr.**  
september - 15. desember 2015

KÖBEN flug frá  
**9.999 kr.**  
september - 15. desember 2015

BERLÍN flug frá  
**9.999 kr.**  
september - 15. desember 2015

PARÍS flug frá  
**9.999 kr.**  
september - 15. desember 2015

LONDON flug frá  
**9.999 kr.**  
september - 15. desember 2015

Gerðu verðsamanburð,  
það borgar sig!



KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

\*999 kr. bókunargjald leggst ofan á hverja bókun og töskugjald er ekki innifalið nema annað sé tekið fram.



Þingvellir eru Helga Björnssyni ofarlega í huga þegar kemur að uppáhaldsstöðum hans á Íslandi. Fallegasti fossinn að hans mati er Öxarárfoss. NORDICPHOTOS/GETTY

## Í uppáhaldi á Íslandi

Íslendingar nota sumarið til að flakka um og skoða landið sitt. Tveir þjóðþekktir Íslendingar voru fengnir til að ljósra upp um sína uppáhaldsstaði á landinu.

Helgi Björnsson tónlistarmaður

### Þingvellir eru alltaf heillandi

#### Uppáhaldsstaðurinn

Stakkagjá á Þingvöllum er heillandi. Þar er ansi góður



hljómur til að taka eitt gott lag og góður grasbali til að setjast niður til að spjalla, syngja og gera það sem hugurinn girnist. Oftast kem ég þangað ríðandi.

#### Skemmtilegasta gönguleiðin

Það er leiðin frá Grunnavík á Jökulfjörðum og á Flæðareyri. Þá er gengið eftir Snæfjallaströndinni. Þegar komið er upp úr Grunnavík horfir maður yfir allt Djúpið og inn í Skutulsfjörðinn. Það er mjög fallegt. Ég hef gengið þetta nokkrum sinnum og alltaf verið heppinn með

veður og því fengið frábært útsýni.

#### Flottasta tjaldstæðið

Fallegasta tjaldstæðið er í Hornvík á Ströndum.

#### Uppáhaldsbaðstaðurinn

Það er lítill pottur á Mýrunum, ekki langt frá Haffjarðará. Þar komast þrír eða fjórir fyrir í þar með náttúruna allt í kring. Ég hef farið þangað við ýmis tækifæri, til dæmis þegar ég hef komið frá því að spila á balli á Snæfellsnesinu.

#### Fallegasti fossinn

Öxarárfoss. Þó hægt sé að finna tignarlegri, stærri og meiri fossa þá er bara eitthvað kynngimagnað við Öxarárfoss og Þingvelli.

Við hjónin giftum okkur þar og skáluðum við Öxarárfoss.

#### Besta vegasjoppa

Engin sérstök í dag en ég minnst sérstaklega Botnskálans í botni Hvalfjarðar, þangað var alltaf gott að koma þegar maður var hálfnaður með Hvalfjörð. Þá var Brú í Hrútafirði alltaf æðisleg.

#### Fjölgun ferðamanna – góð eða slæm þróun?

Góð þróun, en það er að mörgu að gæta. Við þurfum að byggja upp og beina umferð í fleiri áttir. Heilt yfir finnst mér þó þetta tuð um fjölgunina hálf hallærislegt. Ég myndi heldur ekki vilja hafa þetta eins og það var áður en túrisminn kom, þar sem enginn var úti á götu í borginni. Í dag er meira mannlíf í kringum okkur.

Monika Abendroth, hörpuleikari og leiðsögumaður

### Fossinn í Stakkholtsgjá er fallegastur

#### Uppáhaldsstaðurinn

Mjög erfitt er að gera upp á milli staða enda er náttúra Íslands ein-



stök. Ef ég nefni töfrandi stað er það Stakkholtsgjá í Þórs-mörk. Ég fór þangað með vinum mínum

þegar ég var að fagna 70 afmælinu mínu.

#### Skemmtilegasta gönguleiðin

Þá stendur Laugavegurinn upp úr, ótrúlega fjölbreytt landslag.

#### Flottasta tjaldstæðið

Langt er síðan ég tjaldaði og veit því ekki hvernig tjaldstæði eru í dag. En þegar ég var í tjaldferðum fannst mér skemmtilegt að tjalda á fjöllum, t.d. í Herðubreiðarlindum, sem er örugglega ekki flottast, en fjallastemningin er heillandi.

#### Uppáhaldsbaðstaðurinn

Fótabað á Seltjarnarnesi í fjör- unni. Stutt er fyrir mig að fara



Uppáhaldsbær Moniku er Húsavík.

þangað og njóta þess að horfa á sólarlagið með fæturna í heitu vatni.

#### Uppáhaldsbærinn

Alltaf gaman að upplifa Húsavík, það er fallegur staður og góð stemning á hafnar svæðinu.

#### Fallegasti fossinn

Fossinn í Stakkholtsgjá, hreinn og tær kemur hann af fjöllum og fyrir fólk sem þorir er hægt að fara undir hann. Það er mjög sérstakt og gaman.

#### Besta vegasjoppa

Möðrudalur er ekki beint vega-

sjoppa, en að stoppa þar er algjört möst. Frábær staðsetning, kósí hús og útsýnið á góðum degi er alveg draumur. Mig langar oft ekki að halda áfram, bara vera þar.

#### Fjölgun ferðamanna – góð eða slæm þróun?

Ég fæ alltaf smá hnút í magann þegar ég heyri nýjustu tölur og spár fyrir næstu árin. Það getur ekki orðið endalaus fjölgun. Ferðaðþjónustan vex stjórnlaust, það vantar framtíðarsýn. Mér finnst að það eigi setja kvóta á nokkra staði. Ef ferðamönnum heldur áfram að fjölga endalaust, getur þetta endað í ferðamannabólu.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, s. 512 5446, jonatan@365.is  
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



# flugrútan

## VIÐ SKUTLUM ÞÉR!

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurlugvöll.

Kauptu miða núna á [www.flugrutan.is](http://www.flugrutan.is)



Alltaf laus sæti



Alltaf ferðir



Hagkvæmur kostur



Frí þráðlaus internet-  
tenging í öllum bílum



Ferðatími u.þ.b.  
45 mínútur



Umhverfisvænt



Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • [main@re.is](mailto:main@re.is) • [www.flugrutan.is](http://www.flugrutan.is) • [www.re.is](http://www.re.is)

24  klst. miði  
Daglega  allt árið!

á 30 mínútna fresti  
yfir sumartímann

10:00-18:30

(Ekki í keyrslu 8. & 22. ágúst)

CITYSIGHTSEEING  
OFFICIAL  
TOUR

CitySightseeing®  
Reykjavík   
Hop On - Hop Off



Verð

Fullorðnir: 3500 KR.

12-15 ára: 1750 KR.

0-11 ára: Ókeypis\*

\*Hámark 5 börn á hvern fullorðinn einstakling.  
Hvert umfram barn: 500 KR.

8 tungumál



Deutsch



Italiano



Svenska



Íslenska



Français



Español



English



Русский



Hop On - Hop Off • Reykjavík Excursions • Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík • ☎ 580 5400 • [www.citysightseeing.is](http://www.citysightseeing.is) • [www.re.is](http://www.re.is)





MYND/ÆGIR LÚBVIKSSON

## EIN AF PERLUM LANDSINS

Skammt vestan Kirkjubæjarklausturs liggur Fjaðrárgljúfur sem að margra mati er einn fegursti staður landsins. Þrátt fyrir fegurð sína hafa margir landsmenn ekki heimsótt gljúfrið en þó er auðvelt að komast að því á einkabíl. Fjaðrárgljúfur er um 100 metra djúpt og tveir kílómetrar að lengd með bratta vegg sem eru fjölbreyttir í lögun. Bæði er hægt að ganga eftir göngustíg uppi á gljúfurbarminum og njóta þannig útsýnisins yfir það en enn meiri upplifun er þó að ganga inn eftir gljúfrinu sjálfu. Þá þarf að vaða ána nokkrum sinnum en stór hluti hennar er fær flestu fólki. Við enda gljúfursins eru fossar sem loka leið þess þannig að ganga þarf til baka, nema farið sé upp bratta veggina sem ekki er við hæfi lofthæddra.



Til þess að komast að Fjaðrárgljúfri er keyrt inn vegamót vestan við Kirkjubæjarklaustur. Þaðan liggur vegur upp að Hunkubökkum á Síðu en þaðan eru um tveir kílómetrar að gljúfrinu. Flestir heimsækja Fjaðrárgljúfur yfir sumartímann en það er þó fallett á öllum árstímum, t.d. í fallettum haustlitum eða í snjó og vetrarmyrkri.



Amsterdam er ein af öruggustu borgum heims.

## BORÐAÐ Á FERÐINI

Á ferðalögum er mikilvægt að vera vel nestaður – sérstaklega þegar börnin eru með í för.

Hér koma nokkur ráð sem gott er hafa í huga þegar skipuleggja á ferðanestið.

- Fyrir bíltúrin er sniðugt að setja matinn í lítið kælibox. Gott er að setja matinn sjálfan í lítil box eða poka sem hægt er að loka.
- Takið með vatnsflöskur, eina á mann. Það er sniðugt að setja flöskurnar í frysti kvöldið fyrir brottför, þannig helst vatnið kalt þótt líði á ferðalagið.
- Geymið allan saltan mat, börnin verða þyrst af honum.
- Pítubrauð eru sniðug á ferðinni, áleggjið helst inni í þeim. Forðist



aftur á móti snakk, popp og annað sem mylst niður.

- Aðrar góðar hugmyndir að nesti á ferðinni eru niðurskorið grænmeti og ávextir, ostateningar og þurrk-aðir ávextir. Sniðugt er að úða smá sítrónusafa yfir ávaxtabitana svo þeir verði ekki brúnir.
- Það er alltaf vinsælt að vera með ídyfu til að hafa með kexi, pítubrauði, gúrkum eða blómkáli. Passið bara að hafa ídyfuna í góðu boxi svo hún sullist ekki um allt.
- Gott er að taka með plastglös og nóg af servíettum.

# Öruggustu borgirnar

Fimm öruggustu borgir heims til að heimsækja þetta árið eru að mati EIU (The Economist Intelligence Unit) þessar:

### OSAKA Í JAPAN

Osaka er ásamt Tókýó talin öruggasta borg í heimi. Þar skilja heimamenn óhikað persónuleg verðmæti eftir á borðum meðan þeir panta á barnum. Langt fram eftir kvöldi er fólk í lestum á leið heim úr vinnu og íbúarnir eru vinsamlegir og skrafhreifnir.

### AMSTERDAM

Afslappað viðhorf íbúanna til lífsins gerir það að verkum að gestum líður vel í borginni. Þar er fólk hreinskiptið og seinþreytt til vandræða. Borgin er einnig tiltölulega lítil, með innan við milljón íbúa.

### SYDNEY

Þessi stærsta borg Ástralíu þykir afar vinaleg en þar segjast heimamenn passa upp á náungann. Um

borgina er stöðug umferð gangandi fólks og því meira sem fólk þræðir göturnar í Sydney líður því eins og það tilheyrir samfélaginu.

### SINGAPÚR

Singapúr er örugg borg þar sem lög og reglur eru í hávegum höfð. Lögregla borgarinnar er sögð fá ríflegar fjárveitingar og getur því sinnt bæði íbúum og gestum borgarinnar vel. Þá þykja íbúar Singapúr heiðarlegir eða fremja í það minnsta sjaldan glæpi þar sem miklar líkur eru á refsingu.

### STOKKHÓLMUR

Barnvæn og vel lýst borg, þar eru fá skuggasund en leikvellir og grónir garðar víða. Andrúmsloftið þar er einnig afslappaðra en í mörgum stórborgum. [www.bbc.com](http://www.bbc.com)

## Sérverslun með Apple vörur

Við gerum vel í að þjónusta viðskiptavini okkar með skjóttum og sveigjanlegum vinnubrögðum. Þegar þú kemur með tölvu, síma eða iPad í ábyrgðarþjónustu þá lánnum við þér sambærilegt tæki á meðan þjónustu stendur, endurgjaldslaust.

### Catalyst Stealth

Nýju Catalyst iPhone hulstrin eru vatns-, högg- og veðurhelt. Fullkomin vörn fyrir alla þína afþreyingu og uppátæki. Örbunn hönnunin fórnar hvorki útliti né stíl símans. Fyrir iPhone 5, 5s, 6 og 6 plus

11.900 kr.

